

# Framhaldsskólinn á Húsavík

YTRA MAT Á HAUSTÖNN 2019

Kristján B. Halldórsson og Valgerður S Bjarnadóttir  
UNNIÐ FYRIR MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

YTRA MAT Á STARFSEMI FRAMHALDSSKÓLANS Á HÚSAVÍK Á HAUSTÖNN 2019  
SKÝRSLA UNNIN FYRIR MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

Kristján B. Halldórsson  
Valgerður S. Bjarnadóttir  
ISBN 978-9979-0-2451-4

## HEILDARNIÐURSTÖÐUR

Einkunnarorð FSH eru frumkvæði, samvinna og hugrekki. Einkunnarorðin eiga sér samsvörun í menntasýn skólans en þó virðist óljóst meðal starfsfólks og starfsmanna hvað þau fela í sér.

Óljóst er meðal starfsfólks og nemenda hver formleg stefna skólans er. Kennarar lýstu þó stefnunni á frekar skýran hátt og töldu hana aðallega felst í því að sinna öllum nemendum vel, styðja þá til náms og lágmarka brotthvarf. Segja má að sú stefna birtist í starfi skólans, studd með m.a. vörðuviðtölum, miðannarmati og reglulegum fjarvistarskýrslum (húslestri).

Innra mat fer fram með reglubundnum hætti þar sem áfangakannanir eru kjölfestan ásamt tölulegum upplýsingum um einkunnadreifingu og brotthvarf. Innra matið er nokkuð einhæft og byggir ekki á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu, þó að vissulega sé kostur að geta borið saman ákveðna hluti milli ára.

Stjórnendur skólans njóta almennt trausts starfsmanna og nemenda. Skólameistari virðist gegna skýru faglegu leiðtogahlutverki og starfsfólk er virkjað til samstarfs um þróunarstarf og áherslur, m.a. með reglulegum þróunarfundum.

Stjórnendur og kennarar meta kennsluhætti fjölbreytta en samkvæmt viðtölum við nemendur er frekar lítil fjölbreytni í kennsluháttum og kennsluhættir virðast ekki ná að efla þátttöku eða virkni nemenda.

Samstarf kennara og annarra starfsmanna við Framhaldsskólann á Húsavík virðist almennt vera gott og þeir eru ánægðir með vinnustað sinn og starfsanda. Þeir nemendur og foreldrar sem rætt var við eru almennt ánægðir með skólann og bera traust til hans. Í samtölum við nemendur kom fram að samskipti milli nemenda væru góð. Grannt er fylgst með líðan nemenda og mikil áhersla lögð á velferð þeirra.

Vel hefur gengið að ráða kennara til starfa við FSH. Allir kennarar hafa leyfisbréf sem framhaldsskólakennarar. Alls kenna átta kennarar þá námsgrein sem þeir lærðu í háskóla. Flestir kennarar kenna fleiri en eina námsgrein, en þær hafa yfirleitt sterk tengsl við þá grein sem kennsluréttindin byggjast á.

Skólareglur eru nokkuð skýrar og lítið er um að þær séu brotnar. Ástundun nemenda er góð. Mikil áhersla er á gefa nemendum tækifæri til að bæta sig og sveigjanleiki er mikill.

Aðstaða til kennslu er almennt ágæt. Vinnuherbergi kennara eru hins vegar frekar þröng og félagsaðstaða nemenda er bágborin.

Framhaldsskólinn á Húsavík tekur þátt í samstarfsneti framhaldsskóla á Norðurlandi, SAMNOR sem hefur að sögn stjórnenda og kennara haft jákvæð áhrif á tækifæri kennara til starfsþróunar og nýbreytni.

EFNISYFIRLIT

Heildarniðurstöður.....	2
Inngangur .....	4
Framhaldsskólinn á Húsavík .....	5
Nemendur .....	5
Fjarnám.....	8
Námsbrautir .....	8
Mætingar og brotthvarf úr skóla.....	9
Fjöldi brautskráðra eftir brautum 2015–2019 .....	10
Fjöldi og stöðugildi kennara og annars starfsfólks haust 2019 .....	11
Menntun kennara.....	11
Starfsaldur og starfsmannavelta .....	12
Forföll kennara og forfallakennsla.....	12
Niðurstöður ytra mats.....	13
Viðmið og vísendingar .....	14
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag .....	14
1.1. Um stefnu og áætlanir .....	14
1.2. Um stjórnendur .....	15
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur .....	15
1.4. Um innra mat.....	16
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð.....	17
2.1. Um nám og kennslu .....	17
2.2. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur .....	18
2.3. Um námsmat .....	18
2.4. Um kennara.....	20
2.5. Um námsgögn.....	19
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	20
3.1. Um skólabrag .....	20
3.2. Um samskipti í skólastofunni .....	20
3.3. Um félagslíf nemenda .....	22
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn .....	22
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf .....	22
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður .....	24
Þáttur 5: Lykilárangur .....	25
5.1. Um námsárangur .....	25
5.2. Um árangur í grunnþáttum.....	25
5.3. Um langtímaárangur.....	26
Viðaukar - greinargerð matsmanna .....	27
Umfjöllun um stjórnun og skipulag .....	27
Umfjöllun um kennslu og námsframboð.....	30
Umfjöllun um samskipti og líðan.....	33
Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað .....	35
Umfjöllun um lykilárangur.....	37
Heimildir og tilvísanir .....	39

## INNGANGUR

Í þessari skýrslu er fjallað um ytra mat á starfsemi Framhaldsskólans á Húsavík. Matið fór fram á haustönn 2019 og er liður í eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytisins með starfsemi framhaldsskóla. Menntamálastofnun annast framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið og fól Kristjáni B. Halldórssyni og Valgerði S. Bjarnadóttur að annast matið og eru þau höfundar skýrslunnar.

Skýrslan byggir á tölulegum upplýsingum frá skólanum, sjálfsmati skólans og mati matsmanna, sem fóru í vettvangsheimsókn og tóku viðtöl við fjölmarga starfsmenn og nemendur skólans, foreldra og formann skólanefndar. Skýrslan hefst á inngangi þar sem lagðar eru fram tölulegar upplýsingar um starfsemi skólans. Í öðrum hluta er matslisti þar sem má sjá niðurstöður skólans (S) og matsmanna (M) eftir mat á viðmiðum um gæði skólastarfs. Aftan við matslistana eru viðaukar þar sem gerð er grein fyrir svörum matsmanna við spurningum í matslistanum með áherslu á að draga fram styrkleika og tækifæri til umbóta.

Í lok ágúst 2019 sendi Menntamálastofnun skólanum bréf um fyrirhugað mat og fól honum að skipuleggja vinnu við sjálfsmat með hliðsjón af m.a. 78 viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur sett. Viðmiðin hverfast um fimm þætti skólastarfs; stjórnun og skipulag, kennslu og námsframboð, samskipti og líðan, húsnæði og aðbúnað og lykilárangur. Hverri vísbendingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða. Matsmenn gefa einkunnir fyrir sömu þætti. Matsmenn heimsóttu skólann 13. og 14. nóvember 2019.

Helstu gögn sem matsmenn nýttu við matið voru eftirfarandi.

- Heimasíða skólans, en þangað voru sóttar upplýsingar um skipulag og starfsemi. Skólanámskrá og skýrslur ýmiskonar voru einnig sóttar á heimasíðuna.
- Upplýsingar frá stjórnendum skólans sem matsmenn óskuðu eftir, svo sem varðandi starfsemi og nemendur.
- Gögn sem aflað var í tveggja daga heimsókn í skólann í nóvember 2019. Farið var í vettvangsferð um skólann og rætt við samtals 35 aðila; nemendur, kennara, stjórnendur, annað starfsfólk, foreldra og formann skólanefndar.


Matsmenn þakka viðmælendum og öllum sem aðstoðuðu við ytra mat á Framhaldsskólanum á Húsavík.

## FRAMHALDSSKÓLINN Á HÚSAVÍK

Framhaldsskólinn á Húsavík (FSH) var stofnaður 1. apríl 1987 og settur í fyrsta sinn þá um haustið. Skólanum var ætlað að koma til móts við mikla fjölgun nemenda á framhaldsskólastigi og auknar kröfur um þjónustu við íbúa héraðsins. Skólastarfið var í fyrstu byggt á grunni tveggja ára framhaldsnáms við Gagnfræðaskóla Húsavíkur. Síðan þróaðist það í fullmótaðan framhaldsskóla með fjölbrauta- og áfangakerfi. Kjörorð FSH eru frumkvæði, samvinna og hugrekki. Skólinn er að mestu hreinn bóknámsskóli með áfangakerfi. Skólaárinu er skipt í tvær jafnlangar annir, haust- og vorönn. Skólastjórnendur hafa lagt áherslu á að efla fjarnám til að fjölga nemendum, en ekki er rekin heimavist við skólann. Framhaldsskólinn á Húsavík er aðili að Fjarmentaskólanum, sem er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni. Skólinn er sömuleiðis í samstarfi við framhaldsskólana á Norðausturlandi, SAMNOR, en aðildarskólar þar eru FSH, FL, MA, MTR og VMA. Nemendur við skólann hafa að jafnaði verið um 100–110 talsins. Á vorönn 2019 voru ársnemendur 65,2 eftir töflubreytingar og á haustönn 2019 voru ársnemendur 72,2. Stúdentsbrautir voru endurskoðaðar á árunum 2017 til 2019 í samræmi við aðalnámskrá frá 2011. Haustið 2018 var farið af stað með 200 eininga nám á heilsunuddbraut í samstarfi við Fjölbrautarskólann við Ármúla.

## NEMENDUR

Á árabílinu 2015–2019 hefur meðalfjöldi nemenda í FSH vor og haust verið 102 á önn. Flestir voru þeir 117 haustið 2018 en fæstir 92 vorið 2015 og vorið 2016 (mynd 1).




## MYND 1. FJÖLDI NEMENDA VOR OG HAUST 2015–2019

Þróunin í samsetningu nemenda FSH á tímabilinu 2015–2019 var sú að nemendum í dagskóla fór fækkandi en nemendum í fjarnámi fór fjölgandi (mynd 1). Heildarfjöldi nemenda haustið 2019

var 106. Hlutfallslega voru fleiri konur en karlar, þ.e. 63% á móti 37%. Liðlega 61% nemenda skólans haustið 2019 voru á hefðbundnum framhaldsskólaaldri, þ.e. 16–20 ára. Í þeim aldurshópi voru hlutföll kynjanna jöfn.

Á árabílinu 2015–2019 voru nýnemar flestir haustið 2018 eða 83 sem var næstum tvöfalt meira en fjöldi nýnema hin árin á sama tímabili. Skýringin á mikilli fjölgun nýnema haustið 2018 er sú að þá hófst kennsla á heilsunuddbraut, en 28 nemendur skráðu sig á brautina haustið 2018. Hlutfallslega fáir nýnemar við FSH koma beint úr grunnskóla. Haustið 2019 komu 17 af 48 nýnemunum beint úr grunnskóla, eða rúmlega 35%.



## MYND 2. ÞRÓUN Í INNRITUN NÝNEMA AÐ HAUSTI 2015–2019

Þegar skoðað er hvaðan nemendur koma má sjá að stærstur hluti þeirra kemur af Norðurlandi eystra (póstnúmer 600–691) eða yfir 80% (tafla 1).

**TAFLA 1. HLUTFALLSLEG SKIPTING NEMENDA EFTIR LANDSSVÆÐUM**

Landssvæði	Haust 2018		Haust 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	4	3,6%	4	3,7%
Reykjanes	3	2,7%	3	2,8%
Vesturland	0	0,0%	1	0,9%
Vestfirðir	1	0,9%	1	0,9%
N. vestra	2	1,8%	2	1,8%
N. eystra	93	83,8%	89	81,7%
Austurland	8	7,2%	6	5,5%
Suðurland	0	0,0%	2	1,8%
Útlönd	0	0,0%	1	0,9%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>111</b>		<b>109</b>	

Nemendur í dagskóla koma að stærstum hluta frá Húsavík, 90,4% haustið 2018 og 92,3% haustið 2019. Nemendur í fjarnámi koma hins vegar flestir annars staðar að en frá Húsavík. Enginn fjarnemandi var frá Húsavík haustið 2018 en átta fjarnemendur voru frá Húsavík og nágrenni haustið 2019.

Ef einungis eru skoðaðar nemendatölur af Norðurlandi eystra má sjá að hlutur Húsavíkur er stærstur (tafla 2).

**TAFLA 2. FJÖLDI NEMENDA EFTIR SVÆÐUM AF NORÐURLANDI EYSTRÁ 2018 OG 2019**

Svæði	Haust 2018		Haust 2019	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Eyjafjörður	17	18,3%	11	12,4%
Húsavík	66	71,0%	67	75,3%
Húsavík, dreifbýli	3	3,2%	6	6,7%
Reykjahlíð	1	1,1%	1	1,1%
Kópasker	1	1,1%	1	1,1%
Raufarhöfn	2	2,2%	1	1,1%
Þórshöfn	2	2,2%	1	1,1%
Vopnafjörður	1	1,1%	1	1,1%
<b>Fjöldi alls</b>	<b>93</b>		<b>89</b>	



## FJARNÁM

Haustið 2019 voru fjarnemendur skólans 44 talsins eða ríflega 40% nemenda við skólann. Skólastjórnendur stefna að því að fjölga nemendum við skólann með því að efla fjarnám. Námið er fyrst og fremst hugsað sem sjálfsnám undir handleiðslu kennara og fer að mestu fram með tölvusamskiptum við kennara. Notaður er kennsluvefur í staðar- og fjarnámi. Boðið er upp á alla áfanga á stúdentsbrautum í fjarnámi, fyrir utan íþróttir. Ekki er sett hámark á einingafjölda sem hægt er að taka á önn og fjarnemum er heimilt að sækja kennslustundir þegar þeir geta. Fjarnám er ekki ætlað nemendum í hefðbundnu dagskólanámi. Skólinn er aðili að Fjarmenntaskólanum sem er samstarfsvettvangur tólf framhaldsskóla á landsbyggðinni. Samstarfið gerir skólunum kleift að breikka námsframboð sitt og tryggja að nemendur geti lokið námi á völdum námsbrautum.

Haustið 2018 hófst 200 eininga nám á heilsunuddbraut í samstarfi við Fjölbrautaskólann við Ármúla. Skipulag samstarfs FSH og FÁ er með þeim hætti að hluti námsins fer fram í dagskóla eða lotum í FSH en hluti námsins fer fram í fjarnámi frá FÁ.

## NÁMSBRAUTIR

Í FSH eru í boði þrjár brautir til stúdentsprófs og auk þess stúdentsbraut að loknu starfsnámi. Aðrar brautir eru almenn braut, starfsbraut og heilsunuddbraut (tafla 4).

**TAFLA 3. NÁMSBRAUTIR SEM Í BOÐI VORU HAUST 2019**

<b>Stúdentsbrautir</b>	<b>Aðrar brautir</b>
Félags- og hugvísindabraut	Almenn braut
Náttúruvísindabraut	Starfsbraut
Opin braut	Heilsunuddbraut
Stúdentsbraut starfsnáms	

Stúdentsbrautirnar eru skipulagðar sem 201 einingar brautir með námslok á þriðja þrepi. Gert er ráð fyrir að námstími sé um þrjú ár og að nemendur ljúki að meðaltali 33–34 einingum á önn. Inntökuskilyrði inn á stúdentsbrautir er að nemendur hafi náð tiltekinni lágmarkseinkunn í kjarnagreinum í 10. bekk grunnskóla. Almenn braut er 90 einingar með námslok á öðru þrepi. Inntökuskilyrðið eru að nemendur hafi lokið námi í grunnskóla og er brautin m.a. hugsuð sem grunnur fyrir áframhaldandi nám á framhaldsskólastigi. Starfsbraut er ætluð þeim sem hafa viðurkennd greiningargögn um fötlun samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Námið er 240 eininga, einstaklingsmiðað og sveigjanlegt. Grunnskólanemar geta sótt um að stunda nám í stökum áföngum í FSH og teljast þeir til grunnskóladeildar. Heilsunuddbrautin er 200 eininga nám með námslok á þriðja þrepi. Nemandi sem lýkur námi í heilsunuddi fær starfsheitið heilsunuddari. Fjöldi nemenda eftir námsbrautum er sýndur í töflu 4.

**TAFLA 4. FJÖLDI NEMENDA Á NÁMSBRAUTUM FSH 2015–2019 EFTIR KYNJUM.**

Námsbrautir	2015		2016		2017		2018		2019	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Almenn braut	5	2	9	7	3	3	4	2	10	1
Félags- og hugvísindabraut	15	25	15	19	8	18	6	13	4	11
Framhaldsbraut	3									
Grunnskóladeild		1			4	3			1	3
Heilsunuddbraut							2	26	1	18
Náttúruvísindabraut	18	14	22	14	16	17	13	11	5	12
Opin stúdentsbraut			1		5	2	9	5	8	6
Ótilgreind	7	7	5	6	6	14	6	12	5	11
Starfsbraut	2	1	2	1	5	1	7	1	6	2
Stúdentsbraut starfsn.										2
Viðbótarnám til stúdpr.			1							
<b>Samtals</b>	<b>50</b>	<b>50</b>	<b>55</b>	<b>47</b>	<b>47</b>	<b>58</b>	<b>47</b>	<b>70</b>	<b>40</b>	<b>66</b>

Í fjöldatölum félags- og hugvísindabrautar, náttúruvísindabrautar og almennrar brautar eru nemendur sem voru í námi skv. nýrri námskrá eða samsvarandi braut í eldri námskrá.

#### MÆTINGAR OG BROTTVARF ÚR SKÓLA

Í mætingareglum FSH segir að nemendur skuli sækja allar kennslustundir stundvíslega. Hverri önn er skipt upp í þriggja til fjögurra vikna tímabil og er skólasókn skoðuð í lok hvers tímabils. Sé mæting nemenda á tímabili undir 90%, að teknu tilliti til veikinda og leyfa, fær viðkomandi viðvörðun og tital frá skólastjórnendum. Nemandi með viðvörðun þarf að skrá sig úr einum áfanga fyrir hvert tímabil sem mæting hans fer undir 90%. Fari nemandi ítrekað niður fyrir tilskilda skólasókn áskilur skólinn sér rétt til að til að neita nemandanum um námsvist á komandi önn(um). Á skólaárinu 2018–2019 var skólasókn eins og sjá má í töflu 5.

**TAFLA 5. SKÓLASÓKN HAUST 2018 OG VOR 2019**

	<b>Haust 2018</b>	<b>Vor 2019</b>
Mæting	89,5%	88,1%
Veikindi	2,6%	3,5%
Of seint	0,0%	0,0%
Leyfi	2,5%	2,3%
Óútskýrð fjarv.	5,4%	6,1%

Brotthvarf úr FSH hefur verið að meðaltali 5,4% á önn á árabílinu 2015–2019. Brotthvarfið hefur verið reiknað með því að reikna hlutfall brotthvarfseininga á móti heildarfjölda eininga á önn. Brotthvarfseingar fást með því að margfalda saman fjölda nemenda og fjölda eininga þeirra

áfanga sem enda með úrsögn eða því að nemendur mættu ekki í próf. Nokkrar sveiflur eru í brotthvarfinu, minnst var það 1,7% á haustönn 2017 en mest 8,9% haust 2018 (tafla 6).

**TAFLA 6. BROTTHVARF HAUST OG VOR 2015–2019**

Ár	Vor %	Haust %
2015	6,9	6,9
2016	7,5	4,1
2017	1,7	3,7
2018	8,9	3,1
2019	5,7	

#### FJÖLDI BRAUTSKRÁÐRA EFTIR BRAUTUM 2015–2019

Meðalnámstími við brautskráningu vorið 2019 var sjö annir á stúdentsbrautum. Alls hafa brautskráðst 106 nemendur frá vori 2015 til vors 2019 (tafla 7).

**TAFLA 7. FJÖLDI BRAUTSKRÁÐRA 2015–2019**

Námsbraut	2015	2016	2017	2018	2019	Alls
Almenn braut			1		1	2
Félags- og hugvísindabraut			7	11	5	23
Félagsfræðibraut	7	8	5			20
Náttúrufræðibraut	13	6	4			23
Náttúruvísindabraut			10	9	7	26
Opin stúdentsbraut			2	1	3	6
Starfsbraut	3	1			1	5
Viðbótarnám til stúdentsprófs			1			1
<b>Samtals</b>	<b>23</b>	<b>15</b>	<b>30</b>	<b>21</b>	<b>17</b>	<b>106</b>

Flestir brautskráðust vorið 2017 (30) en fæstir árið 2019. Árið 2017 var í fyrsta sinn brautskráð af stúdentsbrautum sem skólinn setti upp samkvæmt aðalnámskrá 2011.

## FJÖLDI OG STÖÐUGILDI KENNARA OG ANNARS STARFSFÓLKS HAUST 2019

Á haustönn 2019 störfuðu 19 starfsmenn í 14,8 stöðugildum við FSH. Þar af voru 13 kennarar í 9,9 stöðugildum, sem allir höfðu kennsluréttindi. Karlar voru tæpur þriðjungur starfsmanna.

**TAFLA 8. FJÖLDI OG STÖÐUGILDI STARFSFÓLKS FRAMHALDSSKÓLANS Á HÚSAVÍK HAUSTIÐ 2019**

Starfsheiti	Karlar		Konur		Samtals	
	Fjöldi	Stöðu- gildi	Fjöldi	Stöðu- gildi	Fjöldi	Stöðu- gildi
Skólameistari			1	1	1	1
Aðstoðarskm./áfangastjóri	1	1			1	1
Fjármála- og skrifstofustjóri			1	1	1	1
Framhaldsskólakennari	5	4,5	8	5,4	13	9,9
Stuðningsfulltrúi			1	0,6	1	0,6
Náms- og starfsráðgjafi			1	0,3	1	0,3
Umsjónarmaður fasteigna			1	1	1	1
<b>Samtals</b>	<b>6</b>	<b>5,5</b>	<b>13</b>	<b>9,3</b>	<b>19</b>	<b>14,8</b>

### MENNTUN KENNARA

Vel hefur gengið að ráða kennara til starfa við FSH. Allir kennarar hafa leyfisbréf sem framhaldsskólakennarar (tafla 8). Alls kenna átta kennarar þá námsgrein sem þeir lærðu í háskóla. Flestir kennarar kenna fleiri en eina námsgrein, en þær hafa yfirleitt sterk tengsl við þá grein sem kennsluréttindin byggjast á.

**TAFLA 7. MENNTUN KENNARA.**

Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	0
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	4
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	9
Háskólapróf án kennsluréttinda	0
<b>Alls</b>	<b>13</b>

## STARFSALDUR OG STARFSMANNAVELTA

Tveir starfsmenn skólans hafa starfað í meira en 20 ár. Fjórir af karlkennurunum eru með kennsluafslátt vegna aldurs. Á árunum 2015–2019 létu sjö starfsmenn af störfum. Á sama tíma voru 12 nýir starfsmenn ráðnir að skólanum (tafla 9).

**TAFLA 8. STARFSMANNAVELTA 2015–2019**

	<b>Hættir störfum</b>	<b>Nýir starfsmenn</b>
2015	2	1
2016		1
2017	4	2
2018	1	4
2019		4
<b>Alls</b>	<b>7</b>	<b>12</b>

## FORFÖLL KENNARA OG FORFALLAKENNSLA

Á vorönn 2018 voru kennarar fjarverandi í 89 kennslustundir vegna veikinda eða leyfa. Forföll kennara eru ekki leyst með forfallakennslu.

## NIÐURSTÖÐUR YTRA MATS

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skilgreinir og gefur út fyrir matsfólk leiðbeiningar um ytra mat í framhaldsskólum. Þar er að finna ákvæði um gögn og aðferðafræði matsins, einkunnagjöf og frágang matskýrslu. Einnig eru þar settir fram fimm þættir eða viðmið og vísbendingar um gæði skólastarfs. Matsþættirnir eru eftirfarandi:

1. Stjórnun og skipulag
2. Kennsla og námsframboð
3. Samskipti og líðan
4. Húsnæði og aðbúnaður
5. Lykilárangur

Greindir eru styrkleikar og veikleikar hvers þáttar fyrir sig og einkunnir á fjögurra stiga kvarða gefnar fyrir einstakar vísbendingar um hvern þátt:

- (A) *Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár*
- (B) *Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá*
- (C) *Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta*
- (D) *Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar*

Skólinn hefur sjálfur í aðdraganda ytra mats metið stöðu sína með sömu viðmiðum og vísbendingum og matsaðilar nota. Niðurstöður eru settar fram á þann hátt að mat skólans er merkt S og ytra mat matsmanna er merkt M. Þegar aðilar eru sammála um matið er SM skráð í viðkomandi reit. Merkt er O eigi vísbending ekki við mat á viðkomandi skóla.

Matsmenn leggja ekki mat á vísbendingar 70–75 og er gerð grein fyrir því í viðauka. Vísbending nr. 30 á ekki við um Framhaldsskólann á Húsavík.

## VIÐMIÐ OG VÍSSENDINGAR

### Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

#### Mat á stjórnun og skipulagi:

##### 1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í víðum skilningi.

#### Vísendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.	S	M		
2. Stefna skólans endurspeglar í öllum starfsháttum hans.	S	M		
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.	S	M		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.	S	M		
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.	S		M	

## 1.2. Um stjórnendur

---

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	SM			
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	SM			
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	S	M		
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		M	S	
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.	SM			

## 1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

---

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.			SM	
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	S	M		
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.	S	M		

---



## 1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	SM			
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	S	M		
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	SM			
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	SM			
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	S	M		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.		SM		

## Páttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

### Mat á kennslu og námsframboði:

#### 2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	S	M		
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	S	M		
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	S	M		
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.	S	M		
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.	S		M	
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	S	M		
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	S		M	
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.	SM			

## 2.2. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tök eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanáam og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	SM			
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.				

## 2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	S	M		
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	S	M		
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.		M	S	

## 2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.		SM		
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	M	S		
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.	M	S		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.			SM	

## 2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluaðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.		SM		
39. Skólinn notar námssumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	S	M		
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.	S	M		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.		SM		

42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.	S	M		
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.			SM	

### Þáttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

#### Mat á samskiptum og líðan:

#### 3.1. Um skólabrag

*Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.*

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	S	M		
45. Nemendum líður vel í skólanum.	S	M		
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.	S	M		

#### 3.2. Um samskipti í skólastofunni

*Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýnn og skýran hátt.*

### *Vísbendingar*

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	S	M		
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.	S	M		
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.	S	M		

### 3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugum félagsstarfi fyrir nemendur.		SM		
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	SM			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	SM			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.	S	M		

### 3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjárforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.	S	M		
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.		SM		
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.	S	M		

### 3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólalæningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

### *Vísbendingar*

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	M	S		
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.			S	M
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.		M	S	



## Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

### Mat á húsnæði og aðbúnaði:

#### *Vísbindingar*

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.		SM		
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	SM			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.		S	M	
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.			M	S
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.	S	M		
65. Skólinn hefur fullnægjandi mötuneytisaðstöðu.				SM
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.	S	M		

## Þáttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

### Mat á lykilárangri:

#### 5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.	S	M		
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.		S	M	
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.	SM			

#### 5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í

aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfnipáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.				
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.				
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.				
73. Nemendur hafa skilningu á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.				
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.				
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.				

### 5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.			S	M
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.	S	M		
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.		SM		

## VIÐAUKAR - GREINARGERÐ MATSMANNA.

Hér á eftir fer greinargerð matsmanna og rökstuðningur fyrir mati á þeim fimm þáttum sem liggja til grundvallar ytra mati á Framhaldsskólanum á Húsavík haustið 2019. Í hverjum flokki fyrir sig eru dregnir fram styrkleikar og tækifæri til umbóta.

### UMFJÖLLUN UM STJÓRNUN OG SKIPULAG

Framhaldsskólinn á Húsavík er opinber framhaldsskóli sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og aðalnámskrá framhaldsskóla. Einkunnarorð skólans eru þrjú, frumkvæði, samvinna og hugrekki. Þessi einkunnarorð birtast á forsíðu heimasíðu skólans og eru kunn starfsfólki og nemendum. Einkunnarorðin eiga sér samsvörun í menntasýn skólans, sem dregin er saman á heimasíðu hans (síðast uppfærð árið 2014). Þó að starfsfólk og nemendur þekki einkunnarorðin er óljóst í hugum þeirra hvað þau fela í sér og hver menntasýn skólans er. Það er því óljóst í hugum starfsfólks hver hin formlega stefna skólans er. Kennarar lýstu þó stefnunni á frekar skýran hátt og töldu hana aðallega felast í því að sinna öllum nemendum vel, styðja þá til náms og lágmarka brotthvarf. Segja má að sú stefna birtist í starfi skólans, studd með m.a. vörðuviðtölum, miðannarmati og reglulegum fjarvistarskýrslum (húslestri).

Stjórnendur hafa nýverið unnið að þriggja ára stefnumiðaðri áætlun, samanber 31. gr. laga um opinber fjármál. Stjórnendur drógu að mörgu leyti þá áætlun fram sem stefnu skólans. Samkvæmt áætluninni er áhersla á að vinna gegn brotthvarfi, vinna í verkferlum og bæta húsnaði skólans. Áætlunin er nokkuð skýr og áform eru til staðar um hvernig skólinn hyggst koma henni í framkvæmd. Það sama er ekki hægt að segja um formlega stefnu skólans eins og hún birtist á heimasíðunni. Þar sem ekki er ljóst í hugum starfsfólks hver formleg stefna skólans er reynist erfitt að meta hvort og hvernig henni er framfylgt. Þegar rætt var um framtíðarsýn skólans við stjórnendur, kennara og foreldra virtist hún aðallega felast í því að halda skólanum áfram í rekstri og finna leiðir til að fjölga nemendum. Það er ljóst að smæð skólans og takmarkað upptökusvæði hefur haft nokkuð hamlandi áhrif á faglega stefnumótun til framtíðar. Þangað til nýlega glímði skólinn aukinheldur við talsverð fjárhagsvandræði sem hafa haft áhrif á m.a. þessa þætti starfsins.

Skólanámskrá Framhaldsskólans á Húsavík má finna á heimasíðu skólans, undir sérstökum flipa sem nefnist skólanámskrá. Upplýsingar um til dæmis námsbrautir, áfangalýsingar, reglur um innritun, próf og námsframvindu er einnig hluti af skólanámskrá framhaldsskóla og þær upplýsingar eru allar aðgengilegar á heimasíðu skólans. Á heimasíðu Framhaldsskólans á Húsavík segir jafnframt að unnið sé að útgáfu skólanámskrár í PDF formi og að hún muni birtast á heimasíðu skólans á haustönn 2017. Ljóst er að það hefur ekki enn komið til framkvæmda en þar sem skólanámskrá er lifandi plagg og stöðugt til umræðu og í mótun er ekki endilega raunhæft að stefna að útgáfu hennar í sérstöku PDF skjali sem þarf að uppfæra reglulega.

Stjórnendur skólans njóta almennt trausts starfsmanna og nemenda, sem segjast ekki hika við að leita til þeirra eftir þörfum. Skólameistari virðist gegna skýru faglegu leiðtogahlutverki og starfsfólk er virkjað til samstarfs um þróunarstarf og áherslur, m.a. með reglulegum þróunarfundum. Nokkuð tíð stjórnendaskipti hafa verið í skólanum undanfarin ár og í samtölum við starfsfólk og foreldra kom skýrt fram ánægja með núverandi stjórnendum og von um að ekki yrðu frekari breytingar í náinni framtíð. Einnig kom fram sú sýn starfsmanna að léleg útkoma í starfsmannakönnun í innra mati vorið 2018 gæti skýrst af afar stuttri veru núverandi stjórnenda í starfi. Viðtöl matsmanna við starfsfólk styðja þetta. Matsmenn setja spurningamerki við ákvörðun sjálfsmatsnefndar að leggja fyrir könnun um viðhorf starfsmanna til stjórnenda þegar skólameistari hafði aðeins verið mánuð í starfi.

Haldnir eru reglulegir skólafundir þar sem nemendur hafa tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Brugðist hefur verið við óskum nemenda í kjölfar slíkra funda. Nemendur koma þó ekki að skipulagi fundanna. Foreldrar hafa hingað til ekki verið virkjaðir til samstarfs um stefnu skólans og framkvæmd hennar.

Skólinn hefur framkvæmt reglubundið sjálfsmat í mörg ár og hefur skilgreint skýr matsviðmið til að nota við innra matið. Þannig er til dæmis stefnt að því að yfir 70% nemenda séu ánægðir með ýmsa þætti sem mældir eru í innra matinu. Sérstakt tveggja til þriggja manna matsteymi annast sjálfsmatið, eingöngu skipað kennurum. Sami kennarinn hefur verið í matsteyminu frá upphafi og í teymið hafa svo bæst við aðrir kennarar sem hafa starfað mislengi með því. Sjálfsmatsskýrslur undanfarinna ára eru birtar á vef skólans og matsáætlanir fyrir fjögur ár í senn, þar sem fram kemur hvaða þættir eru metnir hverju sinni. Þar kemur fram að kjölfestan í innra matinu eru áfangakannanir sem nemendur svara á hverri önn og öflun upplýsinga úr Innu. Einkunnadreifing og tölur um brotthvarf hveðrar annar eru einnig teknar saman í sjálfsmatsskýrslu. Á hverju skólaári fer jafnframt fram mat á öðrum þáttum. Haustið 2019 var til að mynda lögð fyrir foreldrakönnun og haustið 2018 könnun meðal starfsmanna. Innra matið er nokkuð einhæft og byggir ekki á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu, þó að vissulega sé kostur að geta borið saman ákveðna hluti milli ára. Engin sérstök áhersla var á mat á innleiðingu nýrrar námskrár. Lítið eru notaðar aðrar aðferðir en hefðbundnar kannanir sem ólíkir hagsmunaðilar innan skólasamfélagsins svara. Svarhlutfall hefur oft verið lélegt að sögn sjálfsmatsnefndar og kennara. Margir áfangar eru fámennir og því er þessi matsaðferð ef til vill ekki sú heppilegasta. Farið er yfir niðurstöður sjálfsmats á kennarafundum og jafnframt leggur matsteymið fram úrbótatillögur. Skólameistari ber ábyrgð á að ræða við kennara eftir áfangamat.

### **Styrkleikar:**

- Starfsmenn, foreldrar og nemendur bera traust til stjórnenda skólans.
- Stjórnendur leiða og styðja við faglegt umbótastarf í skólanum, m.a. með reglulegum þróunarfundum.
- Skólafundir eru haldnir reglulega og nemendur viðurkenna þá sem vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Hefð er fyrir því að sjálfsmat fari fram með reglubundnum hætti og eru niðurstöður sjálfsmats aðgengilegar á heimasíðu skólans.

### **Tækifæri til umbóta:**

- Það skortir samræmi milli formlegrar stefnu skólans (menntasýnar) og stefnu skólans eins og hún birtist í starfsháttum og hugmyndum kennara. Móta þyrfti skýrari ramma um stefnu skólans, þannig að hún endurspegli og styðji betur við raunverulegar áherslur í starfinu og dragi betur fram sérstöðu skólans.
- Verkaskipting milli stjórnenda er nokkuð skýr en endurspeglast þó ekki í skipuriti skólans. Samkvæmt skólameistara er hafin vinna við nauðsynlegar breytingar á skipuriti skólans.
- Huga mætti að markvissari móttöku nýliða.
- Innra mat byggir á nokkuð skýrum matsviðmiðum en ekki kemur fram rökstuðningur fyrir því á hverju matsmiðviðin byggja. Áherslur í innra mati gætu endurspeglað betur áherslur skólans og markmið og þar með verið sveigjanlegri. Matið virðist byggja á áætlun sem unnið hefur verið eftir á svipaðan hátt í mörg ár. Matsmenn sjá hér tækifæri til umbóta. Íhuga mætti að skipa í sjálfsmatsnefnd til fárra ára í einu, hafa matið fjölbreyttara og þannig að það þjóni betur markmiðum skólans og þróunarvinnu hverju sinni.
- Í sjálfsmatsskýrslur vantar upplýsingar um svarhlutfall í áfangakönnunum.
- Í svo fámennum skóla er verulega varhugavert að birta jafn ítarlegar niðurstöður og gert er í opinberri sjálfsmatsskýrslu skólans, þar sem ástæður brotthvarfs örfárra einstaklinga eru greindar eftir fæðingarári og kyni og falleinkunnir einstaklinga í einstökum áföngum eru birtar.

## UMFJÖLLUN UM KENNSLU OG NÁMSFRAMBOÐ

Við Framhaldsskólann á Húsavík starfa 13 kennarar og allir eru þeir með kennsluréttindi. Eins og gjarnan er í svo fámennum skóla er lagt upp úr sveigjanleika og fjölbreytni starfsmanna. Fjármálastjóri skólans er til dæmis einnig bókavörður, íþróttakennarinn kennir félagsfræði og sálfræðikennari starfar sem námsráðgjafi í afleysingum þetta skólaár. Starfsmenn telja þetta eðli þess að starfa í svo fámennum skóla. Hér má þó lítið út af bregða svo aðstæður komi niður á gæðum náms og kennslu og sérlega mikilvægt að hvetja starfsfólk til endurmenntunar og samstarfs. Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahópnum undanfarin ár en jafnframt eru nokkrir kennarar við skólann með háan starfsaldur. Ekki er sérstakt ferli við móttöku nýliða.

Skólinn hefur unnið að breyttu námsskipulagi og innleiðingu aðalnámskrár frá 2011. Á haustönn 2015 hófst kennsla samkvæmt nýju skipulagi og fyrsti árgangurinn úr þriggja ára námsskipulagi brautskráðist vorið 2017. Samkvæmt kennurum var algengt að nemendur við skólann lykju námi á skemmri tíma en fjórum árum í fyrra námsskipulagi.

Á heimasíðu skólans má sjá yfirlit yfir áfanga sem kenndir eru á hverri önn, vísun í áfangalýsingar í námskrárgrunni mennta- og menningarmálaráðuneytisins og upplýsingar um sambærilega áfanga í eldra kerfi. Einnig kemur fram hvaða áfangar eru í boði í fjarnámi. Í námsbrautalýsingum á vef skólans kemur fram hvernig skólinn ætlar sér að útfæra grunnþætti og lykilhæfni. Námsframboð við skólann er nokkuð takmarkað, enda nemendur fáir.

Í rýnihópaviðtölum matsmanna kom fram nokkur munur á viðhorfum stjórnenda og kennara annarsvegar og hins vegar nemenda til kennsluhátta. Stjórnendur og kennarar mátu kennsluhætti fjölbreytta og að kennarar væru duglegir að prófa sig áfram með ólíkar kennsluaðferðir. Í samtölum við nemendur kom fram að fjölbreytni í kennsluháttum væri lítil og algengt væri að kennarar stæðu uppi við töflu og héldu fyrirlestra, án mikillar þátttöku eða virkni nemenda, og svo væri unnið með spurningar úr námsefninu. Þó væru nokkrir kennarar sem viðhefðu aðra kennsluhætti og legðu upp úr fjölbreytni í kennsluaðferðum og nýttu sér upplýsingatækni. Í viðtölum við kennara kom fram að oft gengi illa að virkja nemendur í tímum. Það var að einhverju leyti staðfest í samtölum við nemendur. Kennsluhættir virðast almennt ekki ná ýta nægilega undir virka þátttöku nemenda í kennslustundum. Í sjálfsmatsskýrslum undanfarinna ára má sjá að spurningar um hvort námið höfði til áhuga nemenda og hvort þeir sjái tilgang með náminu koma ekki vel út.

Í samtölum við bæði nemendur og kennara kom fram að vinnufriður í kennslustundum væri með ágætum og er það staðfest í sjálfsmatsskýrslum skólans. Þegar kennarar ræddu um vinnufrið kom fram að það væri jafnvel of mikill vinnufriður þar sem erfitt væri að virkja nemendur í umræðum og samtali. Nokkur truflun hefur verið af farsímum nemenda og brást skólinn við með því að banna síma í kennslustundum. Í samtölum við nemendur kom fram að kennarar fylgdu því banni

misjafnlega eftir og virðist ganga betur að fylgja því eftir þegar yngri nemendur eiga í hlut. Áhersla á próf hefur verið minnkandi og meira er um símat í áföngum. Áföngum án lokaprófa hefur fjölgað undanfarin ár.

Skólinn notar kennsluumsjónarkerfi (kennsluvef) til að halda utan um nám nemenda. Þó nota ekki allir kennarar skólans kennsluvefinn. Æskilegt væri að ná samstöðu um notkun kennsluvefsins svo allir nemendur sitji við sama borð hvað varðar aðgengi að t.d. námsefni og verkefnalýsingum.

Framhaldsskólinn á Húsavík starfrækir almenna braut þar sem nemendur fá einstaklingsmiðaða þjónustu og mikinn stuðning við nám. Almenna brautin er á afmörkuðum stað í skólarýminu þar sem rúmt er um nemendur. Þroskaþjálfari stýrir brautinni. Aðgengi er þó takmarkað og unnið er að breytingum á húsnæðinu til að auðvelda aðgengi.

Á öðrum brautum er einnig lagt upp úr miklum stuðningi við nemendur. Allir nemendur hafa umsjónarkennara og eru boðaðir í svokölluð vörðuviðtöl tvisvar á önn. Þessi viðtöl eru meðal annars notuð til að átta sig á stöðu nemenda og auka stuðning við þá sem hann þurfa. Kennarar voru meðvitaðir um að í þessum viðtölum væri vettvangur fyrir nemendur til að ræða málefni sem þeim þætti óþægilegt að ræða í kennslustundum. Einnig fer fram miðannarmat á miðri önn og svo er fjarvistaskráning reglulega tekin saman og send nemendum. Ef í óefni stefnir er brugðist við og ákveðnir ferlar fara af stað innan skólans til að leita skýringa og lausna.

Framhaldsskólinn á Húsavík tekur þátt í samstarfsneti framhaldsskóla á Norðurlandi, SAMNOR. Að sögn stjórnenda og kennara hefur það samstarf haft jákvæð áhrif á tækifæri kennara til starfsþróunar og nýbreytni, þar sem fundir SAMNOR hafa reynst þeim hvatning og innblástur til starfsþróunar. Skólameistari hefur auk fengið fyrirlesara inn í skólann og farið í heimsóknir í aðra skóla, bæði innanlands og utan. Kennarar skólans eru hvattir til nýbreytni í starfi og fá stuðning til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans. Það er til dæmis gert á reglulegum starfsþróunarfundum þar sem kominn er vísir að lærdómssamfélagi í skólanum. Á þeim fundum deila kennarar meðal annars tilraunum sínum í nýbreytni og þróun kennsluhátta og hvernig nýta megi upplýsingatækni til að styðja við nám nemenda. Skólinn hefur unnið að innleiðingu leiðsagnarmats og á þessum fundum er tækifæri til að styðja við þá innleiðingu. Þessi þróun er tiltölulega nýlega hafin og í samtölum við skólastjórnendur og kennara kom fram ánægja með þetta fyrirkomulag. Virkur tími í markvissri starfsþróun virðist vera með minna móti og virðist ýmislegt koma til, meðal annars landfræðilegar hömlur. Ekki er mikið um að starfsmenn fari á endurmenntunarnámskeið eða sækji aðra formlega endurmenntun.

Bókasafn skólans er óheppilega staðsett í húsum skólans og hefur ekki verið vel nýtt af nemendum og kennurum undanfarið. Fáar nýjar bækur eru keyptar inn á ári hverju og bókaúrður er ekki starfandi við skólann. Fjármálastjóri sinnir því starfi frá sinni skrifstofu sem er nokkuð langt frá sjálfu safninu. Fyrirhugaðar eru breytingar á húsnæði skólans sem fela meðal



annars í sér breytingar á staðsetningu bókasafns og tækifæri til að efla starfsemi og nýtingu safnsins.

### **Styrkleikar**

- Kennarahópurinn er almennt áhugasamur um starfsþróun og að skapa lærdómssamfélag innan skólans.
- Þátttaka í SAMNOR er styrkur fyrir skólann.
- Skólinn leggur sig fram við að mæta þörfum nemenda. Nemendur sem þurfa stuðning við námið fá hann.

### **Tækifæri til umbóta:**

- Vinna í því að hlúa að skólamenningu þar sem nemendur eru virkari, óhræddari við að taka þátt í umræðum og þjálfast í að koma skoðunum sínum á framfæri á málefnalegan hátt.
- Endurskoða fyrirkomulag vinnustunda þar sem þær nýtast ekki nógu vel.
- Hvetja og styðja kennara til frekari starfsþróunar.
- Efla starfsemi bókasafnsins þegar það verður komið á nýjan stað í húsinu. Liður í því er umræða skólasamfélagsins um framtíðarstarfsemi bókasafnsins.

## UMFJÖLLUN UM SAMSKIPTI OG LÍÐAN

Samstarf kennara og annarra starfsmanna við Framhaldsskólann á Húsavík virðist almennt vera gott og þeir eru ánægðir með vinnustað sinn og starfsanda. Þeir nemendur og foreldrar sem rætt var við eru almennt ánægðir með skólann og segjast bera traust til hans. Í samtölum við nemendur kom fram að samskipti milli nemenda væru góð. Grannt er fylgst með líðan nemenda og ekki var annað að heyra en lögð væri mikil áhersla á velferð þeirra. Lykilstarfsmenn í því eru námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og aðstoðarskólameistari auk umsjónarkennara. Nemendur virðast vera duglegir að nýta sér þjónustu námsráðgjafa og sækja þann stuðning sem þeir þurfa en töldu að jafnvel mætti auka aðgengi að honum.

Skólareglur eru nokkuð skýrar og lítið er um að þær séu brotnar. Mikil áhersla er á gefa nemendum tækifæri til að bæta sig og sveigjanleiki er mikill. Til undantekninga heyrir ef nemendum er vikið frá skóla. Þannig má segja að þrátt fyrir skýrar mætingareglur og verkferla, er allt gert til að þurfa ekki að vísa nemendum frá skóla. Þeim er þess í stað vísað úr einstaka áföngum og er það talið hafa gefist ágætlega.

Af samtölum við nemendur mátti ráða að samskiptin í skólastofunni einkenndust ekki alltaf af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu. Ástæða virðist til að vinna með markvissari hætti að jákvæðari skólabrag sem einkennist meira af lýðræðislegum gildum og að virkja nemendur í auknum mæli til samtals um skólastarfið, stöðu þeirra og ábyrgð.

Kennarar töldu að samskipti við foreldra væru með minna móti og að foreldrar hefðu ekki oft frumkvæði að samskiptum. Foreldrar fá upplýsingar um stöðu nemenda í gegnum Innu og með reglulegum upplýsingapóstum frá kennurum. Einnig eru haldnir kynningarfundir að hausti fyrir foreldra nýnema. Fulltrúar foreldra sem rætt var við voru sammála um að upplýsingagjöf frá skólanum væri góð. Foreldrafélag er starfandi við skólann en það er ekki mjög virkt. Lítið er leitað eftir samvinnu við foreldra og þá helst varðandi bakstur eða veitingar.

Vel er tekið á móti nýnemum við skólann. Stjórn nemendafélagsins skipuleggur ýmsar uppákomur fyrstu dagana, þar sem eldri nemendur og nýnemar taka þátt í keppnum og ýmsum þrautum. Nýnemadagarnir enda svo á nýnemaferð. Nemendur sem rætt var við lýstu yfir ánægju með þetta fyrirkomulag. Stjórn nemendafélagsins greindi frá góðri samvinnu við stjórnendur skólans og mikill styrkur er í nýlegri samvinnu við forvarnar- og félagsmálafulltrúa skólans. Hann kemur úr hópi kennara og styður nemendur í því að halda uppi sífellt öflugra félagslífi. Hápunktur félagslífsins eru svokallaðir Dillidagar, sem lýkur með árshátíð. Hefð er fyrir því að nemendur skólans setji upp leikrit og er þátttaka í því góð. Aðstaða nemendafélagsins er þó varla boðleg og æskilegt væri að gera hana vistlegri og auka aðgengi utan skólatíma. Það hefur verið áskorun að halda uppi góðri þátttöku í félagslífinu og nemendur kvörtuðu undan lélegri mætingu á viðburði.

Skólinn hefur aukið formlegt samstarf við Borgarhólsskóla, meðal annars með það að markmiði að fá hærra hlutfall 10. bekkinga í Framhaldsskólann. Nemendum grunnskólans býðst að taka áfanga í Framhaldsskólanum.

**Styrkleikar:**

- Nýnemadagar virðast almennt heppnast vel.
- Starf félags- og forvarnarfulltrúa styður vel við nemendafélagið.
- Það virðist vera sérstaklega gott utanumhald með nemendum í skólanum og ákveðið verklag hefur verið í þróun hvað það varðar.
- Reglulega er fylgst með líðan nemenda. Vörðuviðtöl eru mikilvægur liður í því utanumhaldi.

**Tækifæri til umbóta:**

- Efla samstarf við foreldrafélagið.
- Bæta aðstöðu nemenda í kjallara skólans.

## UMFJÖLLUN UM HÚSNÆÐI OG AÐBÚNAÐ

Framhaldsskólinn á Húsavík er til húsa að Stóragarði 10 á Húsavík. Þar eru 12 kennslustofur, bókasafn, skrifstofur og aðstaða fyrir kennara, stjórnendur og annað starfsfólk. Íþróttakennsla fer fram í íþróttahöllinni, sem er næsta hús við skólann. Ekki er mötuneyti við skólann en nemendur nýta mötuneyti með grunnskólanum sem er við hlið framhaldsskólans. Í kjallara er matsalur þar sem boðið er upp á hafragraut tvo morgna í viku og aðstaða er fyrir nemendur til að borða nesti. Þar er einnig starfrækt sjoppa nemenda. Í kjallara er einnig setustofa fyrir nemendur sem er samnýtt með nemendum grunnskólans.

Undanfarið hefur verið unnið að endurbótum á aðstöðu stjórnenda og kaffistofu kennara, þar sem rými hafa verið opnuð og endurbætt. Þær framkvæmdir hafa tekist vel að mati stjórnenda. Vinnuherbergi kennara eru frekar þröng, en aðstaða er fyrir þrjá kennara í hverju rými. Á dagskránni eru frekari breytingar á húsnæði skólans. Fyrirhugað er að færa bókasafnið í miðrymi skólans og tengja húsnæði starfsbrautarinnar við aðra hluta hússins með tengigangi. Borð og stólar hafa verið endurnýjuð í nokkrum kennslustofum. Að mati matsmanna eru það allt tímabærar breytingar. Einnig væri æskilegt að bæta aðstöðu fyrir nemendur í kjallara og rými skólans sem er ætlað nemendum, bæði gangar og kennslustofur, gætu vera hlýlegri og vistlegri. Húsgögn eru víða úr sér gengin og lítið er á veggjum. Kennarar nefndu að það skorti aðstöðu fyrir þá til að geta unnið í næði, til dæmis til þegar þeir þyrftu að taka upp kennslumyndbönd.

Kennarar fá fartölvur sem þeir tengja við skjávarpa í kennslustofum. Tækjabúnaður í sumum kennslustofum (skjávarpar og hljóðkerfi) þarfnast uppfærslu að mati kennara. Aðstaða til verklegrar kennslu er fullnægjandi að mati kennara og ekki skortir á að það sem vantar sé keypt inn eftir þörfum. Nemendur koma yfirleitt með eigin tölvur og þær tölvur sem skólinn á og ætlaðar eru nemendum eru gamlar og úr sér gengnar.

Mötuneyti grunnskólans, sem nemendur hafa aðgengi að, fékk ekki góða umsögn frá nemendum. Skólinn þarf að semja um tíma fyrir íþróttakennslu í íþróttahúsi bæjarins. Framhaldsskólinn gengur ekki fyrir við úthlutun tíma í íþróttahúsinu og í haust var ákveðið að íþróttir væru utan töflu og á ábyrgð nemenda að iðka hreyfingu utan skólatíma og gefa skýrslu til kennara. Mikil óánægja var með það fyrirkomulag meðal nemenda og komu þeir óskum sínum um íþróttatíma skýrt til skila til stjórnenda. Úr því var bætt og nú hafa nemendur fastan tíma í íþróttahúsinu í hádeginu. Það hentar skipulagi skólans ekki nægilega vel og það þyrfti að finna ásættanlegri lausn.

Að mati umsjónarmanns húsnæðis ganga nemendur almennt vel um skólann og ekki hafa verið vandamál með umgengni. Umsjónarmaður sér um ræstingu á húsnæði á kennslutíma.

### **Styrkleikar:**

- Góð umgengni nemenda um húsnæði skólans.
- Aðstaða til kennslu ágæt. Raungreinastofur ágætlega búnar.
- Aðstaða stjórnenda og kaffistofa kennara vistleg.

#### **Tækifæri til umbóta:**

- Nemendaaðstaða er ófullnægjandi.
- Rými nemenda gæti verið vistlegra. Húsgögn eru sums staðar úr sér gengin og lítið er á veggjum.
- Aðstöðu vantar fyrir kennara til að taka upp kennslumyndbönd.
- Íþróttaaðstaða nemenda er af skornum skammti og hana þarf að bæta.
- Gera þarf úrbætur eftir þörfum á tækjakosti í kennslustofum.

## UMFJÖLLUN UM LYKILÁRANGUR

Erfitt er að meta lykilárangur framhaldsskóla, þar sem ekki eru til fastmótaðar aðferðir eða mælikvarðar til að meta lykilárangur og aukinheldur skortir skilgreiningar á því hvað telst vera æskilegur árangur af starfi framhaldsskóla. Mat á árangri getur verið ólíkt milli skóla þar sem starfsumhverfi og aðstæður einstakra framhaldsskóla geta verið mjög ólíkar, allt eftir samsetningu nemendahópsins, upptökusvæði, staðsetningu, námsframboði og svo framvegis. Hér verður þó reynt að draga fram umfjöllun og mat á lykilárangri Framhaldsskólans á Húsavík, í samræmi við vísbendingar sem liggja til grundvallar matinu.

Stjórnendur eru sáttir við útskriftarhlutfall skólans þótt sífelld vinna sé í gangi við að fá fleiri nemendur inn í skólann. Markvissar aðgerðir eru gegn brotthvarfi við skólann og eru þær stöðugt í þróun. Telja matsmenn að skólinn nái að þjónusta nærsamfélagið vel, enda telja stjórnendur það eina meginskyldu skólans. Tekið er á móti öllum nemendum sem vilja stunda nám við skólann og allt gert til að styðja þá til námsins.

Hluti af innra matskýrslu skólans er að birta einkunnadreifingu og meðaleinkunn allra áfanga á hverri önn fyrir sig. Ekki er þó hægt að sjá þróun milli ára í sjálfsmatskýrslum. Í skýrslu frá 2017–2018 kemur fram að brotthvarf sé aðallega meðal fjarnema og leita þurfi leiða til að styðja betur við þá. Í skýrslunni 2018–2019 er engin umfjöllun um hvernig til tókst að vinna að þeim úrbótatillögum. Hins vegar voru niðurstöður úr skýrslu 2017–2018 teknar fyrir á kennarafundum og í framhaldi var gripið til aðgerða til að halda betur utan um fjarnemendur. Hér væri hægt að nýta innra matið betur til að draga fram þróun í kjölfar þróunarstarfs og úrbótavinnu.

Ekki er kannað reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum, en að sögn flestra viðmælenda er það tilfinning fólks að námið hafi nýst brautskráðum nemendum vel. Samfélagið er lítið og starfsfólk veit margt um það sem nemendur taka sér fyrir hendur að loknu stúdentsprófi og margir fara áfram í háskólanám. Skólinn er nokkuð vel tengdur nærsamfélaginu og hefur reynt að mæta að þörfum þess, til dæmis þegar kemur að námsframboði og samsetningu nemendahópsins hverju sinni. Hann er þannig nokkuð sveigjanlegur eða eins og hann hefur bolmagn til vegna smæðar sinnar. Skólinn hefur verið að sækja fram hvað fjarnám varðar og þar eru sóknarfæri fyrir skólann.

Til að styðja við grunnþætti menntunar voru nýir áfangar skrifaðir inn í námskrá, til dæmis í með áherslu á næringarfræði, kynjafræði, heimspeki og loftslagsmál. Nokkuð öflug heilsu- og forvarnarstefna er í skólanum og unnið markvisst að því að efla heilbrigði og velferð nemenda, en áherslur sem tengja má öðrum grunnþáttum voru ekki áberandi í samtölum við nemendur og kennara. Matsmenn treysta sér ekki til að gefa vísbendingum 70–75 einkunn, enda hafa þeir ekki forsendur til að meta hvort nemendur hafi tileinkað sér það sem felst í grunnþáttum menntunar.

### **Styrkleikar:**

- Skólinn hefur brugðist við breytingum í samfélaginu og áherslu á grunnþætti með þróun nýrra áfanga.
- Áhersla á heilbrigði og velferð nemenda.
- Markviss vinna gegn brottfarfi.

**Tækifæri til umbóta:**

- Kanna mætti með markvissari hætti hvernig námið við skólann hefur nýst nemendum á næsta skólastigi.
- Hægt væri að nýta innra matið betur til að draga fram árgangur af þróunarstarfi og úrbótavinnu.
- Gera áherslu á grunnþætti menntunar sýnilegri í starfi skólans og leggja mat á nýja áfanga í námskrá skólans.

## HEIMILDIR OG TILVÍSANIR

### Inngangur og almennar upplýsingar

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Framhaldsskólans á Húsavík ([www.fsh.is](http://www.fsh.is)).
- Sjálfsmatsskýrslur 2016-2017, 2017-2018 og 2018-2019.
- Skólanámskrá Framhaldsskólans á Húsavík.
- Ársskýrslur Framhaldsskólans á Húsavík 2017 og 2018.

### Matsþættir og rökstuðningur við niðurstöður

#### Stjórnun og skipulag

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Framhaldsskólans á Húsavík ([www.fsh.is](http://www.fsh.is)).
- Þriggja ára stefnumiðuð áætlun, skv. 31. gr. laga um opinber fjármál.
- Skólanámskrá Framhaldsskólans á Húsavík.
- Sjálfsmatsskýrslur undanfarinna fjögurra ára.
- Viðtöl/rýnihópar við stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa foreldra og formann skólanefndar.

#### Kennsla og námsframboð

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Framhaldsskólans á Húsavík ([www.fsh.is](http://www.fsh.is)).
- Ársskýrslur Framhaldsskólans á Húsavík 2015–2019.
- Skólanámskrá Framhaldsskólans á Húsavík.
- Sjálfsmatsskýrslur undanfarinna fjögurra ára.
- Viðtöl/rýnihópar við stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa foreldra og formann skólanefndar.

#### Samskipti og líðan

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Framhaldsskólans á Húsavík ([www.fsh.is](http://www.fsh.is)).
- Ársskýrsla Framhaldsskólans á Húsavík 2019.
- Skólanámskrá Framhaldsskólans á Húsavík.
- Sjálfsmatsskýrslur undanfarinna fjögurra ára.
- Viðtöl/rýnihópar við stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa foreldra og formann skólanefndar.



## Húsnæði og aðbúnaður

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Framhaldsskólans á Húsavík ([www.fsh.is](http://www.fsh.is)).
- Þriggja ára stefnumiðuð áætlun, skv. 31. gr. laga um opinber fjármál.
- Viðtöl/rýnihópar við stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa foreldra og formann skólanefndar.

## Lykilárangur

- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Vefur Framhaldsskólans á Húsavík ([www.fsh.is](http://www.fsh.is)).
- Ársskýrsla Framhaldsskólans á Húsavík 2019.
- Skólanámskrá Framhaldsskólans á Húsavík.
- Sjálfsmatsskýrslur undanfarinna fjögurra ára.
- Viðtöl/rýnihópar við stjórnendur, kennara, nemendur, annað starfsfólk, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa foreldra og formann skólanefndar.